

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Baytril vet. 50 mg töflur
Baytril vet. 150 mg töflur

2. INNIHALDSLÝSING

1 tafla inniheldur:

Virkt innihaldsefni:

50 mg töflur: Enrofloxacin 50 mg
150 mg töflur: Enrofloxacin 150 mg

Hjálparefni:

Kjötbragðefni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Tafla

50 mg töflur: Ljósbrúnar til brúnar, með léttari marmaraáferð, kringlóttar, kúptar töflur með deiliskoru.
150 mg töflur: Ljósbrúnar til brúnar, með léttari marmaraáferð, kringlóttar, flatar töflur með deiliskoru.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategundir

Hundur og köttur.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Sýkingar af völdum baktería sem eru næmar fyrir enrofloxacini.

- Sýkingar í efri og neðri öndunarfærum hjá hundum og köttum.
- Pvagfærasýkingar hjá hundum og köttum.
- Sýkingar í legi (pyometra) hjá hundum sem tengist legnámi eða tæmingu legs.
- Blöðruhálskirtilsbólga hjá hundum.

4.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir enrofloxacini, öðrum flúorókínólónum eða einhverju hjálparefnanna.

Gefið ekki hundum yngri en 1 árs eða mjög stórum hundategundum, sem hafa lengra vaxtarítmabil, yngri en 18 mánaða vegna hugsanlegra áhrifa á liðbrjósk þegar dýrið er í örum vexti.

Gefið ekki dýrum sem eru flogaveik eða fá krampaflög, því enrofloxacin getur örvað miðtaugakerfið.

4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Engin.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Við notkun lyfsins skal fylgja opinberum reglum og þeim reglum sem gilda um notkun sýklalyfja á hverjum stað.

Einskorða á notkun flúrókínólóna við þær klínísku aðstæður þegar lítil svörun hefur fengist eða búist er við lítilli svörun við öðrum flokkum sýkladrepandi lyfja.

Notkun enrofloxacins skal ávallt byggð á næmisprófi sé þess nokkur kostur.

Ef notkun dýralyfsins víkur frá fyrirmælum í samantekt á eiginleikum lyfs, getur algengi baktería sem eru ónæmar gegn flúrókínólónum aukist og dregið úr skilvirkni meðferðar með öllum flúrókínólónum vegna hugsanlegs krossónæmis.

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Ekki á að nota lyfið handa dýrum með skerta nýrnastarfsemi vegna þess að útskilnaður lyfsins fer aðallega fram um nýrun. Brotthvarf enrofloxacins getur því verið skert hjá dýrum með skerta nýrnastarfsemi.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um öryggi við notkun lyfsins hjá köttum yngri en 12 vikna.

Ef köttum eru gefnir stærri skammtar en ráðlagðir eru geta komið fram eituráhrif á sjónhimnu augans, þar með talin blinda. Sjá kafla 4.10.

Ekki skal gefa dýrum með langvarandi skemmdir í liðbrjósí lyf sem innihalda enrofloxacin, þar sem þessar skemmdir geta versnað við meðferð með lyfinu.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir flúrókínólónum skulu forðast snertingu við dýralyfið.

Forðist snertingu við húð eða augu. Þvoið hendur eftir notkun. Neytið ekki matar eða drykkjar og reykið ekki meðan lyfið er handleikið.

Ef lyfið er tekið inn fyrir slysni skal tafarlaust leita til læknis, einkum ef um börn er að ræða.

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Örsjaldan geta komið fram meltingarfæravillar (t.d. aukin munnvatnsmyndun, uppköst og niðurgangur). Einkennin eru yfirleitt væg og tímabundin.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:

- Mjög algengar (aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)
- Algengar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð)
- Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð)
- Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð)
- Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik)

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf. Dýralyfið má eingöngu nota að undangengnu ávinnings/áhættumati dýralæknis.

Enrofloxacin fer yfir fylgju og skilst út í mjólk, því er ekki hægt að útiloka áhrif á afkvæmi (í vexti).

Rannsóknir á rottum og kanínum hafa ekki sýnt fram á vanskapandi áhrif, en hafa sýnt fram á eituráhrif á fóstur af skömmum sem hafa eituráhrif á móður.

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki má nota enrofloxacin samhliða sýklalyfjum sem verka hamlandi á kínólón (t.d. makrólíðar, tetracyklín eða fenikól).

Ekki má nota lyfið samhliða teófyllíni, þar sem það getur seinkað brotthvarfi teófyllíns.

Til að forðast aukaverkanir skal gæta varúðar við notkun enrofloxacins samhliða flúnixíni hjá hundum. Afleiðing samhliða notkunar flúnixins og enrofloxacins er skert úthreinsun sem veldur milliverkunum í brotthvarfsfasanum. Samhliða notkun flúnixins og enrofloxacins hjá hundum eykur því flatarmál undir blóðþéttiferli (AUC) og helmingunartíma brotthvarfs fyrir flúnixin og eykur helmingunartíma brotthvarfs og lækkar C_{max} fyrir enrofloxacin.

Ekki má nota lyfið samhliða inntöku lyfja sem innihalda kalsíum, ál eða magnesíumhýdroxíð (t.d. sýrubindandi lyf) eða fjölvítamína sem innihalda járn eða sink, þar sem slíkt getur dregið úr frásogi flúorókínólóna.

Forðast skal samhliða notkun flúorókínólóna og digoxins þar sem aðgengi digoxins gæti aukist.

4.9 Skammtar og íkomuleið

Til inntöku.

5 mg/kg líkamsþyngdar einu sinni á sólarhring í 5-10 daga.

Ekki má nota stærri skammt en þann sem ráðlagður er. (sjá kafla 4.10).

Rétt skömmutun handa hundum og köttum sem vega minna en 5 kg er ekki möguleg með þeim styrkleikum af töflum sem eru fáanlegir. ($\frac{1}{2}$ 50 mg tafla.)

Skammtayfirlit:

Líkamsþyngd (kg)	Fjöldi 50 mg taflna á sólarhring	Fjöldi 150 mg taflna á sólarhring
5	$\frac{1}{2}$	
10	1	
15	$1\frac{1}{2}$	$\frac{1}{2}$
20	2	
25	$2\frac{1}{2}$	
30	3	1
35	$3\frac{1}{2}$	
40	4	
45		$1\frac{1}{2}$
50		
60		2
75		$2\frac{1}{2}$
90		3

Til að tryggja að réttur skammtur sé gefinn skal ákvarða líkamsþyngd eins nákvæmlega og mögulegt er.

4.10 Ofskömmutun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef þörf krefur

Ofskömmtu getur leitt til truflana í meltingarvegi (t.d. aukin munnvatnsmyndun, uppköst, niðurgangur) og taugaeinkenna (t.d. ljósopsstækkun).

Ef köttum eru gefnir stærri skammtar en ráðlagðir eru (5 mg/kg líkamsþyngdar) geta komið fram eituráhrif á sjónhimnu augans, þar með talin blinda.

Ekkert móteitur er til við ofskömmtu, því skal veita meðferð í samræmi við einkenni.

4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Flokkun eftir verkun: Bakteríulyf (flúrókínólónar).

ATCvet flokkur: QJ01MA90

5.1 Lyfhrif

Enrofloxacin er flúrókínólón. Enrofloxacin hefur bakteríudrepandi áhrif með því að hamla verkun ensímsins DNA-gyrasa sem tekur þátt í eftirmynundun DNA í bakteríunum. Enrofloxacin hefur áhrif á bakteríur í vaxtarfasa og einnig á baketeríur sem eru ekki í vaxtarfasa, með því að breyta gegndræpi fosfólípíðlagsins í ytri himnu frumuveggs þeirra og þar með gegndræpi. Enrofloxacin hefur bakteríudrepandi áhrif á Gram-neikvæðar og margar Gram-jákvæðar bakteríur sem og mycoplasma.

5.2 Lyfjahvörf

Enrofloxacin nær nánast sömu sermisþéttni, hvort sem það er gefið með inndælingu eða til inntöku. Dreifingarrúmmál enrofloxacins er stórt. Vefjaþéttni er oft 2-3 sinnum meiri en sermisþéttni. Mesta þéttni enrofloxacins mælist í lungnavef, í lifur og nýrum og í húð, beinum og í eitilfrumum, þ.m.t. átfrumum. Enrofloxacin fer yfir blóð-heila þróskuldinn og berst í heila- og mænuvökva og í glæru augans.

Flúrókínólónar umbrotna að hluta til í lifur og skiljast út í þvagi og galli sem virkt efni eða virk umbrotsefni.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Mjólkursykureinhýdrat
Maíssterkja
Sellulósi, örkristallaður
Polyvidon
Magnesíumsterat
Vatnsfrí kísilkvoða
Kjötbragðefni

6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

5 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.

6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Þynnupakkning.

50 mg töflur: 10 töflur í þynnu (ál/ál eða nylon/ál/HDPE).

150 mg töflur: 10 og 20 töflur í þynnum (ál/ál eða nylon/ál/HDPE).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal ónotuðu dýralyfi eða úrgangi vegna dýralyfs í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Elanco Animal Health GmbH

Alfred-Nobel-Str. 50

40789 Monheim

Pýskaland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

Töflur 50 mg: IS/2/08/004/01

Töflur 150 mg: IS/2/08/004/02

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 13. október 2008.

Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 15. nóvember 2013.

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

1. nóvember 2023.